

Meingölluð innleiðing rafrænna skilríkja

Eftir Ólaf Stephensen

Innleiðing rafrænna skilríkja, þar sem ríkisvaldinu var beitt til að koma tugum þúsunda einstaklinga í viðskipti við fyrirtækið Auðkenni, orkar verulega tvímælis og hefur verið gagnrýnd að undanfönu. Skilríkin, sem fólk getur notað í stjórnsímunum sínum, voru ókæptis í fyrstu en Auðkenni hefur síðan gefið út að farið verði að rúka fyrir þau. Forsvarsmenn fyrirtækisins hafa gefið út að þeir muni ekki rúka einstaklinga. Það blasir þó við að á endanum munu neytendur bera kostnaðinn vegna útgáfu og notkunar skilríkjanna.

Athyglin hefur einkum beint að því að neytendum hafi, í krafti loforðs um skuldaleiðréttingu, verið smalað í viðskipti við einka-fyrirtæki sem í raun hefur einokunarstöðu í útgáfu rafrænna skilríkja. Ferlið er þó ekki stöðvagnrýni vert vegna þess hvernig fyrirtækið var þröngvað í viðskipti við Auðkenni, hversu illa ferlið var undirbúið og hversu neikvæð áhrif það hefur á fjárlísa samkeppni.

Ólafur Stephensen

lausnir henni tengdar. Önnur fyrirtæki hafa átt slíkar lausnir tilbúnar en fengu þó til dæmis ekki að bjóða í uppsetningu lausnar til rafrænnar undirritunar á vef ríkisskattstjóra; um hana var gengið til samninga við Advantia og Auðkenni án útboðs.

Af hálfu Auðkennis hafa bæði verið í boði rafræn skilríki í stjórnsíma og á plastkortum. Við framkvæmd skuldaleiðréttingarinnar kom í ljós að plastkortin virkuðu ekki sem skyldi hjá þeim tugum þúsunda netnotenda sem nota netvafra frá Apple; ekki var hægt að nota þau til að samþykka skuldaleiðréttinguna af því að rafræna undirskriftin virkar ekki. Þetta staðfestu tæknimenn ríkisskattstjóra. Auðkenni bauð jafnframt upp á sjálfsafgreiðslu fyrir skilríki á síma á vefnum. Sú þjónusta virkar ekki hjá þeim sem nota stýrikerfi frá Apple. Fyrir utan þau óþægindi sem þetta ölli neytendum er það að sjálfsögðu samkeppnishindrun gagnvart söluaðlum Apple-vara þegar torveldara er fyrir notendur þeirra að nálgast opinbera þjónustu rafrænt en notendur tækja keppinautanna.

Símafyrirtækjunum var af hálfu ríkisskattstjóra og fjármálaráðuneytisins gert að búa kerfi sín undir innleiðingu rafrænna skilríkjanna með afar skömmum fyrirvara. Höfundurinn er í huga að í þeim hópnum voru keppinautar Símans, eins af eiga-

endum Auðkennis, sem hafði haft nægan tíma til að prófa tæknilausnina í samstarfi við fyrirtækið. Fjar-skipta-fyrirtækin þurftu að leggja í gríðarlegan kostnað við að skipta úr SIM-kortum viðskiptavinnanna til þess að þeir gætu nýtt sér skuldaleiðréttinguna. Nova ehf. þurfti að skipta um framleiðanda SIM-korta með ærinni fyrirhöfn og skömmum fyrirvara.

Að minnsta kosti af tveimur ástæðum er þetta samkeppnishindrun. Annars vegar er síma-fyrirtæki í raun stílt upp við vegg og því sýnt fram á að það eigi að hættu að missa viðskiptavinanna annað ef það býður ekki „ríkislausnina“ á rafrænni auðkenningu og undirskrift. Um leið er viðskiptavinum farsímafyrirtækja torveldað að skipta um símafyrirtæki. Til þessa hefur verið lagt upp úr því að númeraflutningur sé einfaldur og geti átt sér stað á nokkrum mínútum. Viðskiptavinur, sem hefur fengið rafræn skilríki og vill skipta um símafélag, þarf hins vegar að gera sér ferð í bankann og láta endurvirkja rafrænu skilríkin á símanum sínum. Þetta hindrar samkeppni á farsíma-markaði.

Hver á að borga og hvernig á að rúka?

Auðkenni hefur nýlega gefið út gjaldskrá fyrir þjónustu sína. Þar er boðað að fjarskipta-fyrirtækin verði rúkuð um 136 krónur á mánuði (með vsk.) fyrir hvern viðskiptavin sem er með rafræn skilríki. Það hefur raunar legið fyrir frá upphafi að fyrirtækið hyggðist rúka fjarskipta-fyrirtækin. Í áka-

» Það blasir þó við að á endanum munu neytendur bera kostnaðinn vegna útgáfu og notkunar skilríkjanna.

anum við að safna viðskiptavinum undir leiðréttingarpressummi virðist Auðkenni hafa látið það sér í léttu rúmi liggja þótt Nova treysti sér til dæmis ekki til að undirgangast samningsskilmála um gjaldtöku af félaginu og þar með eftir atvikum af viðskiptavinum þess. Nova benti á að stór hluti viðskiptavina símafélagsins væri með svokölluð frelsískort og fengi enga reikninga. Hvernig á símafélag að rúka slíka viðskiptavini fyrir rafræn skilríki? Er hægt að ætlast til að það beri kostnaðinn af þeim sjálf?

Það virðist að flestu leyti eðlilegra að viðskiptasambandið sé á milli áskrifanda rafrænu skilríkjanna og Auðkennis sjálfs. Viðskiptavinurinn fengi þá reikning frá Auðkenni og fyrirtækið leigði þá pláss á SIM-kortum fjarskipta-fyrirtækjanna. Viðskiptavinurinn er vafalaust reiðubúinn að greiða fyrir þessa þjónustu ef hann sér hagræði og þægindi í henni. Það er að minnsta kosti fráleitt að bankarnir, sem með rafrænum skilríkjum hafa sparað sér kostnað vegna auðkenningu sína, velti honum beina leið yfir á fjarskipta-fyrirtækin.

Í gjaldskrá Auðkennis er sömu-leiðis boðað að þjónustuveitendur, þ.e. fyrirtæki og stofnanir sem nýta

lausn fyrirtækisins til að láta viðskiptavini sína auðkenna sig, verði rúkaðir um 500.000 krónur á mánuði fyrir þjónustuna. Það er miklu hærrí upphæð en keppinautar Auðkennis bjóða sumir hverjur fyrir svipaða þjónustu, en gjaldskráin er hugsanlega sett fram í trausti þess að fyrirtækið hafi þegar náð yfirburðastöðu í krafti hinnar öflugru smölunar viðskiptavina til þess með dyggri aðstoð ríkisvaldsins.

Fjórar spurningar

Hægt væri að rekja í talsvert lengra máli ágalla á þeirri leið við innleiðingu rafrænna skilríkja sem ríkisvaldið beitti sér hart fyrir, í þágu fyrirtækis í eigu bankanna og Símans. Það er samt ekki of seint að vinda ofan af vitleysunni. Að lokum er ekki fráleitt að setja fram fjórar spurningar til Auðkennis og eigenda þess:

1. Hvað mun kosta fyrirtæki og stofnanir að nýta sér möguleika á auðkenningu viðskiptavina? eru sex milljónir á ári hið raunverulega verð?
2. Hvernig byggst Auðkenni semja við fjarskipta-fyrirtæki vegna áskrifenda í fyrirfrangreiddri þjónustu?
3. Stendur til að áskrifandinn eigi skilríkin og geti haft þau með sér á milli símafyrirtækja með einfaldrí tilkynningu, t.d. á vef Auðkennis?
4. Munu bankarnir opna fyrir fleiri auðkennislausnir en frá sínu fyrirtæki í heimabönkum sínum?

Höfundur er framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda.